

Fimmtudaginn 20. febrúar 1997.

Nr. 261/1996. **Parkwood Engineering Company Limited**  
 (Skúli Th. Fjeldsted hrl.)  
 gegn  
**Borgarsmíði hf.**  
 (Magnús Thoroddsen hrl.)

Verksamningur. Vinnulaun.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. júlí 1996 og krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda. Til vara krefst hann þess, að sér verði einungis gert að greiða stefnda 463.633 krónur, til frekari vara 1.525.346 krónur, en til þrautavara 3.240.417 krónur. Þá krefst hann þess, verði hann dæmdur til að greiða kröfu stefnda samkvæmt lið 1 í héraðsdómsstefnu, 1.715.071 krónu, að stefndi verði dæmdur til að framselja sér kröfu á hendur Ístaki hf. vegna þeirrar vinnu, sem stefndi vann fyrir það fyrirtæki við uppsetningu glugga í Hofsstaðaskóla frá upphafi árs 1994 til og með 27. viku þess. Í öllum tilvikum krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 3.240.417 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. ágúst 1994 til greiðsludags. Þá krefst hann þess, að málskostnaðarákvæði héraðsdóms verði staðfest og áfrýjanda gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Aðilar eru sammála um, að villa hafi orðið í niðurstöðu héraðsdóms, þannig, að dæmd fjárhæð eigi samkvæmt forsendum dómsins að nema 3.240.417 krónum.

Áfrýjandi hefur lýst yfir, að hann uni niðurstöðum héraðsdóms um aðra kröfufliði stefnda en kröfuflið 1, sem lýtur að uppsetningu glugga í Hofsstaðaskóla. Þá heldur hann við skuldajafnaðarkröfur sínar, annars vegar að fjárhæð 2.553.855 krónur, sem hann hafi lán- að stefnda vegna ofangreinds verks, og hins vegar jafnvirði 9.390,91 enskra punda eða 1.061.713 króna vegna vinnu starfsmanna áfrýjanda við umrætt verk.

Í héraðsdómi er greint frá samningi stefnda sem undirverktaka við Ístak hf. 2. september 1993 um ísetningu glugga í Hofsstaðaskóla. Óumdeilt er, að umræður urðu milli ofangreindra aðila og áfrýjanda um yfirtöku hins síðastnefnda á þeim samningi. Fyrir liggur í málinu yfirlýsing frá stefnda til Ístaks hf., þar sem fram kemur, að hann samþykki, að samningurinn verði yfirtekinn af áfrýjanda. Ekki varð þó úr, að gengið yrði formlega frá þessu. Hins vegar er ljóst, að áfrýjandi hafði umsjón og eftirlit með verkinu og fulltrúi hans áritaði reikninga, að fjárhæð 2.553.855 krónur, vegna vinnu við það, sem áfrýjandi greiddi síðan. Sú skýring áfrýjanda, að hér hafi verið um lánveitingu að ræða, kom fyrst fram síðar og styðst ekki við nokkur gögn. Þegar litið er til þessa og bréfa, sem milli aðila fóru fyrstu mánuði ársins 1994 um umrætt verk, verður að fallast á þann skilning stefnda, að áfrýjandi hafi tekið verkið að sér. Er því staðfest niðurstaða héraðsdóms um greiðsluskyldu áfrýjanda á 1.715.071 krónu vegna þessa kröfuliðar stefnda.

Af ofangreindri niðurstöðu leiðir, að hafnað er skuldajafnaðarkröfu áfrýjanda, að fjárhæð 2.553.855 krónur. Krafa hans um skuldajöfnuð, að fjárhæð 1.061.713 krónur, er sögð vera vegna vinnu starfsmanna hans við uppsetningu glugga. Vísar hann þessari kröfu til stuðnings til bréfs síns til stefnda 22. desember 1993. Í bréfinu lýsir áfrýjandi yfir því, að hann muni veita stefnda ráð og leiðsögn við umrætt verk án endurgjalds í samræmi við samkomulag aðilanna um að gera starfsmenn stefnda sem hæfasta til að takast slík verk á hendur. Ef hins vegar kæmi til þess, að starfsmenn áfrýjanda þyrftu að inna vinnu af hendi í tengslum við uppsetninguna, þyrftu aðilar að koma sér saman um það, hvernig slíkur kostnaður yrði reiknaður, og yrði stefnda þá gerður reikningur fyrir þá vinnu. Ekkert samkomulag liggur fyrir í málinu um þetta, en kröfu þessa setti áfrýjandi fyrst fram í bréfi 2. ágúst 1994, eftir að stefndi hafði margkrafíð hann um greiðslu eftirstöðva vegna verksins. Að þessu athuguðu þykja ekki efni til að taka þessa kröfu áfrýjanda til greina.

Samkvæmt framansögðu verður héraðsdómur staðfestur með þeirri breytingu, sem aðilar eru sammála um og áður er getið, og með breyttum upphafstíma dráttarvaxta, eins og greinir í dómsorði.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest, og þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað, eins og í dómsorði segir.

## D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Parkwood Engineering Company Limited, greiði stefnda, Borgarsmíði hf., 3.240.417 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. október 1994 til greiðsludags.

Önnur ákvæði héraðsdóms skulu vera óröskuð.

Áfrýjandi greiði stefnda 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

**Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 13. desember 1995.**

Mál þetta, sem dómtekið var 17. nóvember sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Ernu Jónsdóttur, kt. 200951-2559, stjórnarformanni Borgarsmíði hf., kt. 470193-2049, Hjallaseli 12, Reykjavík, fyrir hönd félagsins á hendur Parkwood Engineering Company Limited, Hopkinson Way, West Portway, Andover Hants, SP 10 3RD, Englandi, með kennitölu á Íslandi nr. 530494-9429 og virðisaukaskattsnúmer 42248, með stefnu, birtri 23. september 1994.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að hið stefnda félag verði dæmt til að greiða stefnanda 3.331.624 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. ágúst 1994 til greiðsludags, þannig, að vextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. ágúst 1995, samkvæmt 12. gr. vaxtalaga. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt málskostnaðarreikningi, sbr. 3. tl. 129. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, og að málskostnaðarfjárhæð beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaganna frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómkröfur stefnda eru þær að verða sýknaður af kröfum stefnanda, en til vara, að stefnukröfur verði lækkaðar. Í báðum tilvikum krefst stefndi þess, að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað eftir mati dómsins, sbr. 3. tl. 129. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, og að málskostnaðarfjárhæð beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaganna frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Komist dómurinn að þeirri niðurstöðu, að dæma beri stefnda til að greiða kröfu stefnanda skv. lið 1 í stefnu vegna Hofsstáðaskóla, að fjárhæð 1.715.071 kr., krefst stefndi þess, að svo verði kveðið á í dómi, að sú fjárhæð verði greidd gegn framsali á kröfum stefnanda á Ístak hf. vegna þeirrar vinnu, sem Borgarsmíði hf. vann fyrir Ístak hf. við uppsetningu efnis frá stefnda í Hofsstáðaskóla frá upphafi og til og með 27. viku ársins 1994.

*Málavextir og málsástæður.*

Stefnandi greinir svo frá málavöxtum: „Stefnandi er byggingarfyrirtæki, sem annast nýsmíði og viðhald svo og innflutning tengdan rekstri þessum.

Snemma vors 1993 var stefnanda falið að leita tilboða í álgugga og ísetningu þeirra í nýbyggingar. Fyrir milligöngu Sverris nokkurs Jóhannessonar, sem búsettur er í Bretlandi, komst stefnandi í samband við hið stefnda fyrirtæki, er framleiðir álgugga og annast ísetningarþjónustu. Varð að samkomulagi með málsaðilum, að stefnandi tæki að sér að koma á framfæri tilboðum frá stefnda til íslenskra byggingaraðila um álgugga og ísetningu þeirra. Skyldi stefnandi fá umboðslaun („commission“) frá stefnda fyrir þá samninga, er kæmest á fyrir tilstilli stefnanda. ...

Meðal samninga, sem komust á fyrir atbeina stefnanda, voru álguggar o. fl. í eftirtaldar nýbyggingar:

1. Hofstaðaskóli, Garðabæ,
2. Grafarvogskirkja, Reykjavík,
3. sólskýli fyrir Stefán Hallsson, Móaflöt, Garðabæ,
4. Háteigskirkja, Reykjavík,
5. sorpeyðingarstöð á Ísafirði,
6. húsnæði Miðbæjar Hafnarfjarðar hf.“

Stefndi kveður stefnanda skulda bæði fyrir vinnu og umboðslaun vegna efnissölu til þessara bygginga og segir svo um hverja byggingu auk annarra þátta:

„1. Um Hofstaðaskóla.

Aðalverktaki við byggingu Hofstaðaskóla er Ístak hf., er pantaði glugga og hurðir hjá stefnda til byggingarinnar. ... Með verksamningi við Ístak hf., dags. 2. september 1993, gerðist stefnandi að formi til undirverktaki við glugga, hurðir, gler og glerísetningu í skólann. ... Hins vegar stóð stefnandi aldrei að þessu verkefni sem undirverktaki í raun, því að gert var munnlegt samkomulag ... um það við stefnda fyrir meðalgöngu framangreinds Sverris Jóhannessonar, sem þá var orðinn starfsmaður stefnda, að stefndi tæki við samningnum og greiddi stefnanda vinnulaun fyrir störf hans, ... Hefur stefndi þegar greitt stefnanda 2.553.885 kr. vegna þessa verks, en skuldar honum í vinnulaun 1.587.055 kr. ... og 128.016 kr. í virðisaukaskatt. ... Undir þessum kröfuflið er stefndi því í vanskilum upp á samtals 1.715.071 kr. Stefndi hætti greiðslum á reikningum frá stefnanda fyrirvaralaust og án uppsagnar, þrátt fyrir það að stefndi hefði í bréfi til stefnanda, dags. 17. apríl 1994, hvatt hann til að halda áfram með verkin, bæði við Hofstaðaskóla og í Grafarvogskirkju. ...

## 2. Grafarvogskirkja.

Ístak hf. var aðalverktaki við kirkjasmíðina, en stefndi undirverktaki við glugga, gler og ísetningu. Stefnandi vann verk þetta fyrir stefnda. Fyrir þá vinnu hefur stefndi greitt samtals 4.093.002 kr. með virðisaukaskatti. Ógreiddir eru þrír reikningar, að fjárhæð alls 487.977 kr., ... svo og virðisaukaskattur af reikningi nr. 66, að fjárhæð 88.655 kr. ... – Undir þessum lið er stefndi því samtals krafinn um 576.632 kr. ...

## 3. Sólskýli fyrir Stefán Hallsson.

Stefnandi vann við að setja upp þetta sólskýli fyrir stefnda. Skuldar stefndi vegna vinnu þessarar samtals 199.695 kr.

## 4. Háteigskirkja.

Í ágúst mánuði 1993 mældu þeir Guðmundur Þórðarson, framkvæmdastjóri stefnanda, og Sverrir Jóhannesson, starfsmaður stefnda, gluggaopin í nýbyggingu við Háteigskirkju. Fór Sverrir utan með málin til að láta smíða gluggana eftir þeim. Gluggarnir urðu vegna mistaka hjá stefnda 25 mm of stórir. Óskaði stefndi þá, að brotið yrði úr gluggaopunum, þannig, að koma mætti gluggunum fyrir. Lofaði stefndi að greiða fyrir þessa aukavinnu. Stefnandi vann þetta verk. Nam kostnaður við það 198.790 kr. ... Þar við bætist 24,5% virðisaukaskattur, 48.704 kr., samtals 247.494 kr., sem stefndi er krafinn um undir þessum lið.

## 5. Umboðslaun vegna sorpeyðingarstöðvar á Ísafirði.

Hér er um að ræða kröfu um greiðslu á óuppgerðum umboðslaunum vegna efnissölu til sorpeyðingarstöðvar á Ísafirði, 34.775 kr. ... Samningur þessi komst á fyrir meðalgöngu stefnanda.

## 6. Umboðslaun v/Háteigskirkju.

Hér er gerð krafa um ógreidd umboðslaun vegna seinni hluta efnissendingar til Háteigskirkju. Talan GBP 934,00 er samsvarandi 99.938 ísl. kr. og er fengin frá Sverri Jóhannessyni, starfsmanni stefnda.

## 7. Reikningur nr. 26.

Þessi reikningur er fyrir ýmislegan kostnað stefnanda vegna stefnda. Reikningur þessi var upphaflega að fjárhæð GBP 397,40, ... en samkomulag varð um það á fundi, er haldinn var á Hótel Loftleiðum 1. maí 1994 með Mr. David Smith, fjármálaglum framkvæmdastjóra stefnda, og Sverri Jó-

hannessyni, starfsmanni stefnda, að reikningur þessi yrði lækkaður í GBP 255,93, eða 34.094 ísl. kr. með virðisaukaskatti. ...

#### 8. Reikningur nr. 27.

Þessi reikningur er fyrir sérstaka vinnu stefnanda við mælingar í Grafarvogskirkju í upphafi verks. Reikningur þessi var upphaflega GBP 1.009,72 án virðisaukaskatts. ... Hins vegar var á fundi þeim, sem greint er frá í 7. lið, fallist á að lækka hann niður í GBP 616,28, 82.098 ísl. krónur, með virðisaukaskatti. ...

#### 9. Krafa, að fjárhæð GBP 530,41.

Hér er krafist greiðslu á ýmsum smáreikningum, sem stefnandi hefur lagt út fyrir í þágu stefnda. – Mr. Ian Grounds, sem er starfsmaður stefnda og eftirlitsmaður með verkum þessum á Íslandi, tók við þessum reikningum og afhenti þá Sverri Jóhannessyni, svo að hann framvísaði þeim til greiðslu hjá stefnda. Þessi krafa, sem enn er ógreidd, nemur 56.754 ísl. kr.“

Þá gerði stefnandi kröfu til viðbótar vegna efnissölu til sorpeyðingarstöðvar á Ísafirði, GBP 26.246,50, en til Miðbæjar í Hafnarfirði hf., GBP 182.179. Kröfufjárhæðin til viðbótar er 320.170 kr., en frá þeirri fjárhæð eru dregnar 34.775 kr., sbr. lið 5 í stefnu, þar sem endanleg samningsfjárhæð vegna efnissölnnar var síðar upplýst.

Stefndi telur tildrög málsins vera þau, að stefnandi hafi haft meðalgöngu um að afla tilboða frá stefnda í sölu á álguggum í byggingar á Íslandi, „en sjálfur skyldi hann annast ísetningu slíkra glugga með beinum samningum við verkkaupa“. Stefndi telur á meðal þeirra samninga, sem komust á fyrir atbeina stefnanda, hafa verið um álgugga í byggingar, sem stefnandi nefnir. Þá segir, að stefnandi hafi annast með beinum samningum við verkkaupa á Íslandi ísetningu glugga í allar þessar byggingar nema Grafarvogskirkju, en þar hafi verið notað álgloggakerfi frá þýskum aðila, sem stefnandi hafði enga þekkingu á, og hafi því þótt rétt, að stefndi tæki að sér þann verk-samning. Þá hafi stefndi selt Stefáni Hallssyni, Mó aflöt, Garðabæ, sólskýli með ísetningu.

Stefndi kveður stefnanda hafa átt að fá umboðslaun af efnissölu til um-ræddra bygginga og segir síðan um hvern einstakan kröfulið stefnanda:

#### „1. Hofsstaðaskóli.

Í júlí 1993 gerði Parkwood Engineering Company Limited, Hopkinson Way, West Portway, Andover Hants, Englandi, samning við Ístak hf., Skúla-túni 4, Reykjavík, um sölu á álguggum og hurðum í Hofsstaðaskóla, Garða-bæ. Ísetning á álguggum vegna þessa verkefnis var síðan unnin af Borgar-smíði hf. með beinum samningi við Ístak hf., og er sá samningur ekki gerð-

ur til málamynda, eins og í stefnu greinir, heldur skyldi stefnandi raunverulega annast ísetninguna, eins og samningur Ístaks hf. og stefnanda, dags. 2. september 1993, ... ber með sér. Stefndi lofaði Ístaki hf. að hafa eftirlit með ísetningarvinnu Borgarsmíði hf., svo að unnt væri að láta ábyrgðina á gluggunum ná til bæði efnis og ísetningar. ... Stefndi fór fram á, að samningur sinn við Ístak hf. um ísetningu á gluggum í ofangreindu verkefni yrði unninn af stefnda. Stefndi gaf stefnda á hinn bóginn aldrei tækifæri til að sjá samning stefnanda við Ístak hf., og er stefndi í fyrsta sinn að sjá þann samning með framlagningu hans í máli þessu. Stefndi var því ekki í aðstöðu til að meta, hvort hann treysti sér til að taka við samningi stefnanda við Ístak hf., en vegna fjárhagserfiðleika stefnanda á þeim tíma, er unnið var að verkinu, samþykkti stefndi að aðstoða stefnanda fjárhagslega með ísetningarverkið með því að láta honum að láni fé fyrir vinnulaunum við verkið, sem stefndi endurgreiddi stefnda síðar, eftir að uppgjöri stefnanda við verkkaupa, Ístak hf., hefði verið lokið. Stefndi gerir ekki athugasemdir við reikning stefnanda skv. þessum lið að öðru leyti en því, að stefndi eigi alls ekki að greiða hann, þar sem stefndi vann verkið fyrir eigin reikning.

## 2. Grafarvogskirkja.

Verk þetta vann stefnandi fyrir stefnda. Stefndi viðurkennir reikninga nr. 9-11 vera rétta. Á reikning nr. 66 hefur virðisaukaskattur verið lagður tvisvar, annars vegar á vinnunótum og hins vegar á reikningi. Virðisaukaskatturinn var greiddur á vinnunóturnar, og ber því ekki að greiða hann aftur. Stefndi samþykkir því, að andvirði reikninga nr. 9-11, ..., samtals £ 4.521,65, færist stefnanda til tekna skv. þessum lið.

## 3. Sólskýli fyrir Stefán Hallsson.

Stefndi hafði samning um sölu á sólskýlinu að innifalinni uppsetningu, en réð stefnanda til að sjá um ísetningu. Hvorki gekk né rak með ísetningarvinnuna, þrátt fyrir það að fjöldi vinnustunda hefði verið bókaður á verkið. Viðskiptavinur stefnda, Stefán Hallsson, hafði fjölda kvartana um verk stefnanda, sem stefndi hljóp frá óloknu. Tóku menn stefnda að sér að ljúka verkinu og höfðu af því mikinn kostnað. Af þessum ástæðum hafnar stefndi algerlega öllum kröfum stefnanda vegna verksins.

## 4. Háteigskirkja.

Verk þetta vann stefndi með beinum samningi við eiganda Háteigskirkju, en stefndi féllst á að leiðbeina stefnanda við ísetninguna, og taldi stefndi, að hann yrði að fá þóknun fyrir það frá stefnanda. Til uppgjors á þóknun til stefnda að teknu tilliti til mælingamistaka var stefnanda boðin

greiðsla, að fjárhæð 558 pund, til greiðslu á reikningi nr. 25, ... og er stefndi reiðubúinn að færa stefnanda þá fjárhæð til tekna.

5. Umboðslaun vegna sorpeyðingarstöðvar á Ísafirði.

... en sölulaun, 1,5% af efnissölu, munu verða færð stefnanda til tekna.

6. Umboðslaun v/Háteigskirkju.

Heildarfjárhæð síðari áfanga þessa verks var 19.633 pund. 5% sölulaun af þeirri fjárhæð, £ 981,65, færist stefnanda til tekna.

7. Reikningur nr. 26.

Stefndi samþykkir, að £ 255,93 skv. þessum lið færist stefnanda til tekna.

8. Reikningur nr. 27.

Stefndi samþykkir, að £ 616,28 skv. þessum lið færist stefnanda til tekna.

9. Krafa, að fjárhæð GBP 530,41.

Þessir reikningar eru fyrir verkfæri og annað, sem stefnandi þarf til vinnu sinnar, og eru stefnda algerlega óviðkomandi.

Eins og að ofan greinir, átti stefnandi sjálfur að annast ísetningu efnis í Hofsstaðaskóla. Stefndi tók hins vegar að sér að láta honum í té fjármuni, til að því verki mætti halda áfram, en stefndi hafði tekið ábyrgð á bæði efni og ísetningu vegna verksins gagnvart verkkaupa, Ístaki hf. Verkinu er lokið, og mun stefnandi hafa gert það upp við Ístak hf. Eins og fram kemur á ..., hafa stefnanda verið greidd til fjármögnunar á ísetningu vegna Hofsstaðaskóla ensk pund 24.829,32. Virðist þessi fjárhæð ágreiningslaus, en fram kemur í stefnu, að stefnandi hefur fengið hjá stefnda 2.553.888 ísl. kr. vegna verksins, og samsvarar sú fjárhæð u. þ. b. £ 24.000. Til að stefndi gæti staðið við ábyrgð sína á ísetningunni gagnvart Ístaki, þurfti hann að leggja nokkra vinnu eftirlitsmanna í verkið og hefur gert kröfu til greiðslu vegna þess, ... 9.390,91 ensk pund, og 661,63 ensk pund, sem stefnandi á að endurgreiða honum ...“

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að félagið hafi tekið að sér með munnlegu samkomulagi við forráðamenn stefnda að leggja til vinnuafli við ísetningu álglugga m. m. í byggingar og að leita auk þess tilboða, eins og greint var frá. Stefndi hafi ekki að öllu leyti staðið við þetta samkomulag, en hætt fyrirvaralaust að greiða stefnanda án þess að segja samningum upp. Með því að greiða reikninga stefnanda að nokkru leyti og hvetja stefnanda með því til að halda áfram vinnu í þágu stefnda, hafi stefndi staðfest samkomulagið. Þetta samkomulag hafi enn verið í fullu gildi, er stefnandi vann

þau verk í þágu stefnda, sem hann krefji stefnda um greiðslu fyrir í máli þessu. Stefnda beri því að greiða stefnanda umkrafða fjárhæð í samræmi við reglur vinnuréttar og samningalaga nr. 7/1. febr. 1936, sbr. lög nr. 11/1986 um skuldbindingargildi loforða. Um kröfu um virðisaukaskatt á vinnu stefnanda er vísað til laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988, 2. gr., 2. mgr., en kröfu um dráttarvexti til III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að einhvers konar lánasamningur hafi komist á með stefnanda og stefnda, eins og stefndi staðhæfi í greinargerð sinni. Þá mótmælir stefnandi, að honum beri að greiða stefnda vinnulaun.

Stefndi bendir á, að stefnandi hafi verið undirverktaki hjá Ístaki hf., aðalverktaka Hofsstaðaskóla í Garðabæ, en ekki stefndi. Þess vegna eigi stefndi ekki að greiða stefnanda fyrir vinnu þar, en þær fjárhæðir vegna vinnulauna, sem stefndi hafi reitt af hendi til stefnanda í þessu sambandi, hafi verið lán til stefnanda.

Þá vísar stefndi til þess, að hann eigi rétt á að skuldajafna kröfu sinni um endurgreiðslu á verklaunum við Hofsstaðaskóla, sem hann innti af hendi til stefnanda, og einnig launum starfsmanna stefnda fyrir aðstoð við stefnanda í ísetningarvinnu í skólanum, svo að stefndi eigi samanlagt inni mun hærri fjárhæð hjá stefnanda en stefnandi hjá stefnda í umboðs- og vinnulaunum.

#### *Niðurstaða.*

Guðmundur Gunnar Þórðarson, framkvæmdastjóri stefnanda, bar fyrir réttinum, að stefndi hefði tekið að sér verksamning stefnanda við Ístak hf. frá 2. september 1993 um Hofsstaðaskóla. Því hefur verið andmælt af hálfu stefnda, og í gögnum málsins liggur ekki fyrir ótvíræð vísbending um, að stefndi hafi tekið við rétti og skyldu stefnanda samkvæmt samningnum. Guðjón Samúelsson verkfræðingur skrifaði undir samninginn fyrir hönd verkkaupa, en hann var í fyrirsvari fyrir Ístak hf. við byggingu Hofsstaðaskóla. Guðjón bar fyrir réttinum, að umræður hefðu orðið um viðtöku stefnda á samningnum, en frá því hafi ekki verið gengið, a. m. k. ekki af hálfu félagsins Ístaks hf.

Málsaðilar eru sammála um, að stefndi hafi lagt stefnanda til fé til að greiða vinnulaun fyrir verk við Hofsstaðaskóla, og segir í stefnu, að fjárhæð þessi hafi numið 2.553.885 kr. Sverrir Jóhannesson, sem var starfsmaður stefnda, er umræddar framkvæmdir við Hofsstaðaskóla fóru fram, kom fyrir réttinn sem vitni. Sagði hann m. a., að stefndi hefði greitt ákveðna fjárhæð fyrir hvern unninn tíma samkvæmt sundurliðuðum reikningum og vinnunótum frá stefnanda, en Ian Grounds, sem einnig var í þjónustu

stefnda, hefði fylgst með verki stefnanda við skólann og skrifað upp á reikningana. Hann staðhæfði, að með þessum hætti hefði stefndi fjármagnað framkvæmdir stefnanda við Hofstaðaskóla, en engan veginn tekið að sér verkið sem undirverktaki félagsins Ístaks hf., sem var aðalverktaki við bygginguna. Er hann var spurður, hvort honum væri kunnugt um, að lánsamningur hefði verið gerður milli stefnda og stefnanda, kvað hann svo ekki vera.

Stefnandi hefur lagt fram mörg myndrit af bréfaskriftum milli aðila þessa máls. Hvergi í þessum bréfum eru gerðar athugasemdir af hálfu stefnda við reikninga stefnanda til hans fyrir verkið við Hofstaðaskóla fyrr en með bréfi 2. ágúst 1994, dskj. nr. 52, þar sem af hálfu stefnda er lýst gagnkröfum. Staðhæfing stefnda um að hafa lánað stefnanda fé til greiðslu vinnulauna fyrir störf við Hofstaðaskóla er ekki studd neinum skriflegum gögnum frá sama tíma og féð var innt af hendi.

Í 3. gr. samnings stefnda við Ístak hf. frá 2. september 1993 um Hofstaðaskóla segir: „Heildarfjárhæð samnings er GBP 74.662,00 án vsk. ... að viðbættum uppsetningarkostnaði, ÍSK 675.000 m. vsk. 24,5% inniföldum.“ Þá segir í 2. mgr. 4. gr. samningsins: „Lokagreiðsla að heildarfjárhæð ÍSK 675.000 m. vsk. fer fram að lokinni uppsetningu og frágangi skv. samningsgögnum og framvindu verksins.“ Í stefnu segir, að stefndi hafi greitt stefnanda 2.553.885 krónur fyrir þetta verk. Stefnandi krefst þess að fá greitt frá stefnda 1.715.071 krónu til viðbótar fyrir verkið. Stefnandi áætlaði, að 2.138.098 kr. væru hæfileg greiðsla til sín frá aðalverktakanum Ístaki hf. til að ljúka verkinu í bréfi 12. júní 1994, dskj. 60. Samanlagt nema þessar fjárhæðir 6.407.054 krónum. Nú verður ekki af málflutningi aðila né skjölum málsins ráðið með óyggjandi hætti, hvernig þetta má vera, en einu gildir, þar sem greiðsluskylda aðalverktaka er ekki hluti af sakarefni þessa máls. Upplýst er hins vegar, að málsaðilar stóðu saman að boði í efni og vinnu við glugga o. fl. í Hofstaðaskóla, enda þótt verksalinn skv. samningnum væri stefnandi, Borgarsmíði hf. Þá hefur einnig komið fram, að verkinu var breytt mjög, frá því að samningurinn við Borgarsmíði hf. var gerður. Og þó að samband aðila við þessa framkvæmd sé ekki með öllu ljóst, hefur stefndi, hvað sem öðru líður, innt af hendi óumdeildar greiðslur til stefnanda sem vinnulaun. Verður því að telja, að stefndi hafi gert líklegt með fyrirvaralausri greiðslu, að fjárhæð 2.553.885 krónur, með samþykki fulltrúa stefnda, Ian Grounds, á verkum stefnda og með því að andmæla ekki tím- anlega reikningum stefnanda, að staðhæfingar stefnanda séu réttar. Fallist er því á, að stefnandi eigi réttmæta kröfu til, að stefndi greiði honum umdeilda fjárhæð, 1.715.071 krónu, þar sem stefnda hefur ekki tekist að sanna, að hann hafi einungis verið að lána stefnanda fé.

Stefndi krefst launa fyrir verk, sem hann staðhæfir, að hafi verið unnið af starfsmönnum sínum í þágu stefnanda við Hofstaðaskóla. Krafan var ekki formlega gerð fyrr en með bréfi 2. ágúst 1994 til skuldajöfnunar á móti framangreindum reikningum stefnanda. Hún er ekki studd nægilegum gögnum til að verða tekin til greina gegn eindregnum mótmælum stefnanda.

Af hálfu stefnda er viðurkennt, að hann skuldi stefnanda 487.977 kr. vegna vinnu við Grafarvogskirkju. Hins vegar telur hann sig hafa greitt stefnanda umkrafinn virðisaukaskatt, að fjárhæð 88.655 krónur, með því að virðisaukaskatturinn hafi verið greiddur „á vinnunótur“ án þess að leggja fram viðkomandi skjöl eða afrit/myndrit þeirra máli sínu til stuðnings. Hann gerir ekki heldur tilraun til með öðrum bókhaldsgögnum sínum að sýna fram á, að skatturinn hafi verið greiddur. Við svo búið er rétt, að stefndi greiði stefnanda umkrafaða fjárhæð (487.977 kr. + 88.655 kr.).

Af hálfu stefnda er viðurkennt, að stefnandi hafi unnið í þágu stefnda við að setja upp sólskýli fyrir viðskiptavin stefnda, Stefán Hallsson. Stefndi neitar að greiða umkrafin verkalaun á grundvelli þess, að verkið hafi verið ófullkomið og því ólokið. Stefndi styður staðhæfingu sína engum gögnum nema vitnisburði Sverris Jóhannessonar. Stefndi hefur lagt fram teikningu af sólskýlinu, sem sérfróðir meðdómsmenn í máli þessu eru sammála stefnanda um, að sé ófullkomin. Guðmundur Gunnar Þórðarson, framkvæmdastjóri stefnanda, kvað þessa ófullkomnu teikningu m. a. hafa tafið verkið. Og þar sem stefndi hefur engan veginn hnekkt reikningum stefnanda fyrir verkið, sem hinir sérfróðu meðdómsmenn telja eftir vettvangsskoðun ekki ósanngjarna, verður krafa stefnanda að þessu leyti tekin til greina.

Ekki er deilt um, að starfsmenn stefnanda unnu við að stækka gluggaop við Háteigskirkju, eins og segir í stefnu. Stefndi krefst 247.494 kr. fyrir verkið, sem stefndi hefur að sínu leyti ekki andmælt, að séu ósanngjörn laun fyrir það. Hins vegar krefst stefndi þess að skuldajafna launum starfsmanna sinna, sem lögðu vinnu í uppsetningu glugga við Háteigskirkju, þannig, að skuld stefnda við stefnanda sé einvörðungu 558 pund. Engin gögn liggja fyrir í málinu um þessa kröfu stefnda, og verður því ekki fallist á skuldajöfnuð gegn andmælum stefnanda, en kröfufjárhæð stefnanda að fullu tekin til greina.

Ekki er ágreiningur um rétt stefnanda til umboðslauna frá stefnda vegna efnissölu til byggingar sorpeyðingarstöðvar á Ísafirði og til Háteigskirkju. Þá er ekki deilt um, að stefnandi eigi kröfu á greiðslu frá stefnda samkvæmt kröfufliðum 7 og 8 í stefnu („Reikningur nr. 26“ og „Reikningur nr. 27“).

Stefndi mótmælir hins vegar kröfulið 9, þar sem krafist er greiðslu „á ýms-um smáreikningum, sem stefnandi hefur lagt út fyrir í þágu stefnda“. Stefndi telur, að þessir reikningar hafi verið fyrir verkfæri og annað, sem stefnandi hafi haft þörf fyrir til að sinna verki sínu, en með öllu óviðkomandi stefnda. Gegn staðhæfingum stefnda hefur stefnandi ekki gert nægilega grein fyrir kröfu skv. kröfulið 9 í stefnu, og verður því ekki fallist á hana.

Samkvæmt framangreindu verður hið stefnda félag dæmt til að greiða stefnanda 3.274.870 krónur með vöxtum, eins og í dómsorði segir.

Þar sem komist er að þeirri niðurstöðu, að stefnandi eigi rétt á greiðslu frá stefnda vegna vinnu við Hofsstaðaskóla í Garðabæ á þeirri forsendu, að stefndi hafi í raun tekið á sig skyldur stefnanda sem undirverktaki Ístaks hf., þykir mega fallast á þá kröfu stefnda, að kveðið verði á í dómi, að 1.715.071 kr. vegna Hofsstaðaskóla greiðist gegn framsali á kröfum á Ístak hf. vegna þeirrar vinnu, sem Borgarsmíði hf. vann fyrir Ístak hf. við uppsetningu efnis frá stefnda í Hofsstaðaskóla frá upphafi og til og með 27. viku ársins 1994, enda er þessi krafa um aðild, sem stefnandi sjálfur heldur fram, að sé rétt.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði stefnanda 400.000 krónur í málskostnað, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dóminn kveður upp Páll Þorsteinsson héraðsdómari ásamt meðdómsmönnum Hirti Hanssýni verkfræðingi og Magnúsi Guðjónssýni húsa-smíðameistara.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Parkwood Engineering Company Limited, greiði stefnanda, Borgarsmíði hf., 3.274.870 krónur með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. ágúst 1994 til greiðsludags. 1.715.071 kr. af þessari fjárhæð með hlutfallslegum vöxtum skal greiða stefnanda gegn framsali hans á kröfum á Ístak hf. vegna þeirrar vinnu, sem stefnandi, Borgarsmíði hf., vann fyrir Ístak hf. við uppsetningu efnis frá stefnda í Hofsstaðaskóla frá upphafi og til og með 27. viku ársins 1994.

Stefndi greiði stefnanda 400.000 krónur í málskostnað.